



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöðu framkvæmda vegna bættra samgangna (US200266).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins úr borgarráði:

Fyrirspurn frá Flokki fólksins vegna loforðs um bætтар samgöngur. Nú eru nokkrir mánuðir liðnir síðan Korpuskóla var lokað. Lofað var böttum samgöngum fyrir börnin þegar þau gengju til skóla í nærliggjandi hverfi borgarinnar. Nú er skólahald að hefjast að nýju. Hver er staðan á framkvæmdum fyrir undirgöngum eða öðrum úrræðum til öruggari samgangna fyrir börnin í hverfinu á leið til skóla?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann sama dag.

Svar við fyrirspurn:

Unnið er að samgöngubótum í norðanverðum Grafarvogi sem miða að því að bæta öryggi gangandi vegfarenda og þá sérstaklega skólabarna. Samráð var haft við íbúa um val á stöðum, þar sem úrbóta var þörf til að tryggja betur öryggi skólabarna. Sérfræðingar Reykjavíkurborgar í umferðaröryggismálum mátu í kjölfarið hvaða aðgerðir væru heppilegastar á hverjum stað.

Ekki þótti ákjósanlegt að byggja undirgöng eða brú yfir Strandveg m.t.t. hæðarlegu, kostnaðar og aðgengis. Hætta væri á að vegfarendur kysu engu að síður að skjótast yfir veginn, frekar en að ganga óhentuga leið yfir brú eða um undirgöng. Þess í stað var lögð áhersla á aðgerðir, sem stuðla að því að ökumenn sjái, virði og hægi á sér við gönguþverun yfir Strandveg. Þar verði sett upp gangbraut, götulýsing bætt, miðeyja lengd, hraðahindranir færðar og hraðavaraskilti sett upp beggja vegna gangbrautar.

Þær framkvæmdir sem unnið er að, eru eftirfarandi:

1. Göngustígur milli staðar- og víkurhverfa og gangbraut yfir Strandveg.
2. Þrenging, upphækkun og gangbraut með bættri lýsingu yfir Breiðuvík.

3. Prengingar, merktar gangbrautir og bætt lýsing á hringtorginu á gatnamótum Mosavegar og Víkurveggar. 30 km hlið inn Mosaveg.
4. Gangbrautarljós og lenging miðeyju á Mosavegi.
5. Gangbraut með bættri lýsingu yfir Hamravík við Mosaveg.
6. Gangbraut með bættri lýsingu yfir Mosaveg og lenging miðeyju.
7. Gangbraut með bættri lýsingu yfir Breiðuvík og betri afmörkun á gatnamótum Hamravíkur og Breiðuvíkur.
8. Bætt lýsing á gangbraut yfir Hamravík.
9. Bætt lýsing á núverandi gangbraut og ný gangbraut yfir Vættaborgir.
10. Gangbraut með bættri lýsingu og 30 km hlið á Mosavegi vestan Skólavegar.

Nánari upplýsingar eru aðgengilegar hér:

<https://reykjavik.is/frettir/samgongubaetur-i-nordanverdum-grafarvogi>

Nú þegar er búið að leggja og malbika göngustíginn milli hverfanna. Verktaki vinnur nú á svæðinu að þremur til fimm verkþáttum á hverjum tíma, svo verkið geti gengið sem hraðast fyrir sig. Sérstök áhersla er lögð á að ljúka göngustígnum og gangbrautinni yfir Strandveg, sem og frágangi við hringtorgið sem fyrst. Reiknað er með að framkvæmdum verði lokið nú í haust.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri